

Föstudaginn 10. nóvember 1950.

Nr. 81/1950. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson)
 gegn

Theódór Friðrik Hjálmar Theódórssyni
 (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
 í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Kynferðisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Brot ákærða ber að heimfæra til 202. sbr. 200 gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

Samkvæmt 64. gr. hegningarlaganna þykir rétt að leggja fyrir ákærða að kaupa hvorki áfengi né neyta þess um 5 ára skeið, frá því að hann hefur lokið að taka út refsingu samkvæmt dómi þessum.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og sakarkostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Theódór Friðrik Hjálmar Theódórsson, sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákærða er bannað að kaupa áfengi eða neyta þess 5 ár, frá því að hann hefur lokið að taka út refsingu samkvæmt dómi þessum.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og sakarkostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gutt-

orms Erlendssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. maí 1950.

Ár 1950, miðvikudaginn 17. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2005/1950: Ákærvaldið gegn Theódór Friðrik Hjálmari Theódórssyni, sem tekið var til dóms hinn 2. s. m.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað gegn ákærða, Theódór Friðrik Hjálmari Theódórssyni verkamanni, til heimilis að Nökkvavogi 44, fyrir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. september 1915 á Sauðárkróki, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1944 8/3 Hafnarfjörður. Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögum.

1945 6/4 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt, 30 kr. skaðabætur fyrir ölvun og brot gegn 3. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur.

1945 27/12 Keflavík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun, óeirðir og rúðubrot, skaðabætur í sama máli kr. 472.74.

1946 29/3 Keflavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óeirðir. 50 kr. skaðabætur í sama máli.

1946 6/7 Reykjavík. Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1947 9/4 Reykjavík. Sátt: 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1948 5/5 Reykjavík. Dómur aukaréttar, 3ja mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 209. gr. hegningarlaganna og 7., sbr. 96. gr. lögrsp. Rvíkur.

1948 8/11 Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og spellvirki.

Verður nú greint frá málavöxtum eftir því, sem upplýstst hefur í rannsókn málsins.

Fimmfundurinn 20. október s. l. kl. rúmlega 6 e. h. kom telpan A, 4 ára að aldri, inn í íbúð foreldra sinna, en foreldrar hennar, B kennari og D, eiginkona hans, voru bæði heima. Var telpan með brjóstsykur, og virtist þeim hjónunum framkoma hennar vera eitthvað óeðlileg.

Er móðir hennar spurði, hvar hún hefði fengið sælgætið, sagði hún, að maðurinn, sem byggði uppi á loftinu og hafði gefið henni sælgæti áður, hefði einnig gefið henni sælgæti þetta, og átti hún með þessu við ákærða, sem þá bjó í herbergi í rishæð hússins. Sagði hún síðan foreldrum sínum í óspurðum fréttum, en skelkuð og feimin: „Hann var að nudda á mér tippið“, en hún notar orð þetta um kynfæri sín.

Er foreldrar hennar inntu hana nánar eftir þessu, skýrði hún þeim svo frá, að hún hefði fylgt með ákærða upp í herbergi hans, þar sem hann hafi klætt hana úr bláum utanyfirbuxum, flett niður um hana nær-

buxunum og leyst ytri- og innri sokkabönd hennar. Síðan hafi hann svo sett hana upp á legubekk og tekið út getnaðarlim sinn og sagzt ætla að gera hana stóra. Kvað hún hann svo hafa „nuddað tippunum saman og það lekið úr tippinu á honum.“ Að þessu loknu kveður hún hann hafa gefið sér sælgæti, girt upp um hana og látið hana fara. Þegar for-eldrarir athuguðu fatnað telpunnar, komust þau að raun um, að innri sokkabönd hennar voru óhneppt, þótt móðir hennar sé örugg um að hafa hneppt bæði ytri og innri sokkaböndum og auk þess fært hana í utanyfirbuxur, áður en telpan fór út til leikja með öðrum börnum. Auk þess hafi verið blettur á axlabandi nankinsbuxna þeirra, er hún var í, og virtist þeim hjónum blettur þessi sæði. Þá kveður móðir telpunnar, að kynfæri dóttur sinnar hafi verið rauð, enda hafi hún virzt hafa óþægindi, þegar hún kastaði af sér vatni.

Er B, faðir telpunnar, hafði heyrt frásögn hennar og athugað klæði hennar, fór hann og knúði að herbergisdyrum ákærða, en eigi var svarað, enda var B tjáð af konu í næsta herbergi, að ákærði væri nýgenginn út. Fyrir utan húsið beið bifreið nemandi B. Fór hann þegar út í hana, og var ekið niður Miklubraut. Kom B auga á ákærða, þar sem hann gekk niður Snorrabraut, handsamaði hann og færði hann upp í bifreiðina. Var því næst ekið að Tjarnargötu 10 B til Sigurðar Magnússonar löggæzlumanns, og skýrði B honum frá málsatvikum. Var ákærði svo færður í fangahúsið við Skólavörðustíg, enda var hann nokkuð við skál. Næsta dag var hann svo yfirheyrdur hjá rannsóknarlögreglunni og úrskurðaður sama dag í gæzluvarðhald, þar sem honum var haldið til 17. nóvember sama ár, er hann var látinn laus.

Er ákærði hafði verið handtekinn og komið í umsjá lögreglunnar, fór Sigurður Magnússon löggæzumaður heim til B og athugaði blett þann, sem var á buxum A, eins og að framan getur, og virtist honum blettur þessi vera sæði. Hjá húsráðendum fékk Sigurður lykil að láni að herbergi ákærða og leit inn í það. Á teppi, sem breitt var yfir legubekk í herberginu, sást blettur, er einnig virtist vera sæði. Daginn eftir voru blettir þessir rannsakaðir í rannsóknarstofu Háskólans af próf. Niels Dungal, og segir í niðurlagi vottorðs hans, dagsettu 21. október s. l.: „Við smásjárannsókn fundust sæðislíkamir í báðum blettunum, og er því sýnilegt, að hvort tveggja er þornað sæði.“

Skömmu eftir að Sigurður Magnússon var kominn að Miklubraut . . . , hringdi hann til frú Kristínar Ólafsdóttur læknis og bað hana að skoða telpuna og láta lögreglunni í té vottorð um skoðunina, enda hafi telpan verið mjög hrædd og auðsætt hafi virzt af látbragði hennar, að hún hafi orðið fyrir einhverju því, er kynfæri hennar varðaði. Samkvæmt vottorði frú Kristínar Ólafsdóttur læknis, dagsettu 20. október s. l., var engan áverka að sjá á telpunni og meyarhaft hennar heilt.

Þá var Hannes Þórarinsson læknir fenginn til þess að skoða ákærða í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg hinn 21. október s.l., og hefur hann hinn 26. s. m. gefið vottorð þess efnis, að þá hafi engin einkenni fundizt hjá honum um kynsjúkdóma, en hann hafi sagzt hafa haft lekanda fyrir

ca 2 árum og þá verið til lækninga hjá Hannesi Guðmundssyni lækni.

Fimmtudaginn 21. október s.l. skýrði ákærði svo frá málavöxtum, að í ágústmánuði 1949 hafi hann komið hingað til bæjarins og búið síðan í þakherbergi á Miklubraut . . . Um síðustu helgi kvaðst hann hafa neytt áfengis, en svo farið í vinnu á mánudegi. Daginn þar á eftir fór hann aftur að drekka og hélt drykkjunni áfram fram á fimmtudaginn 20. október, er hann var handtekinn, en þann dag kveðst hann munu hafa verið búinn að drekka hálfu flösku af áfengi. Framangreindan fimmtudag kveðst ákærði ekki hafa verið það mikið drukkin, að hann muni ekki allt, sem gerðist, en kvöldið áður segist hann hafa verið mjög drukkin og að þá hafi einhver maður, sem hann veit eigi hvað heitir, fylgzt með honum upp í herbergið. Seinni part margnefnds fimmtudags kveðst hann hafa verið staddur fyrir utan Miklubraut . . ., þá hitt nokkur börn, sem búa í húsinu, og gefið þeim brjóstsykur, sem hann hafði meðferðis. Kveðst hann svo hafa farið upp í herbergi sitt til að fá sér áfengi og þá verið einn síns liðs. Því næst segist hann hafa farið að kaupa sér vindlinga og svo komið aftur upp í herbergið til að fá sér meira að drekka og einnig verið einn síns liðs í þetta skipti og enginn hafi komið með sér upp í herbergið þenna dag. Ákærði kveðst nú hafa farið heiman frá sér og ætlað niður á Laugaveg 67 til að snæða kvöldverð, en er hann var kominn niður á Hringbraut, hafi B kallað á hann, og hann hafi farið upp í bifreið til hans.

Ákærði hefur eindregið neitað því að hafa átt nokkur líkamleg mök við telpuna A og hann hefur enga skýringu getað gefið á blettum þeim, sem fundust á buxum telpunnar og dívanteppi hans.

Ástæða þótti til að láta geðveikralækni rannsaka geðheilbrigði ákærða, og framkvæmdi rannsókn þessa dr. med. Helgi Tómasson, yfirlæknir á Kleppi. Samkvæmt skýrslu hans er álit hans á ákærða, að hann sé hvorki vanvita, geðveikur né geðveill, heldur virðist hann andlega heilbrigður.

Ekki þótti rétt að yfirheyrja stúlkuna A, enda hefur Grímur Magnússon læknir gefið eftirfarandi vottorð:

„Ég hef rannsakað A, 4 ára, Miklubraut . . ., sem talið er, að orðið hafi fyrir sexúellri árás. Hún hafði þá verið yfirheyrð nokkrum sinnum um alla málavexti og var orðin óró, kvíðin og forvitin, þegar minnst var á þessa árás. Málið var auðsjáanlega að öðlazzt mikilvægt gildi í huga hennar. Ég lagði til, að forðast skyldi allar yfirheyrslur og allt annað, sem gæti minnt hana á þessa atburði eða gert þá veigamikla í hennar augum. Ég ált einnig skaðlegt fyrir andlega heilsu hennar að kalla hana til þess að bera frekar vitni í þessu máli.“

Eins og atvikum er lýst hér að framan og með tilliti til fyrra framferðis ákærða í ölvunarástandi, þykja framkomnar nægar sannanir fyrir því, að hann hafi haft líkamleg mök við telpuna A, eins og hún hefur greint frá. enda er það einnig haft eftir 5 ára gömlum bróður A, að hann hafi séð hana fara upp í herbergi með ákærða. Hinn 24. október s.l. var hún beðin að benda á herbergisdýr „fulla mannsins“, eins og hún kallaði ákærða, og benti hún á herbergisdýr ákærða. Með framangreindri háttsemi sinni hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr.

19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Theódór Friðrik Hjálmar Theódórsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. nóvember 1950.

Nr. 67/1948. **Pétur Ingjaldsson** (Gústaf A. Sveinsson)
 gegn
Óla Barðdal (Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
 í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skaðabætur vegna galla á seldri íbúð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi fékk leyfi til að skjóta máli þessu til Hæstaréttar hinn 26. maí 1948 svo og nóvaleyfi hinn 11. október 1948. Með stefnu, dags. 31. maí 1948, hefur hann áfrýjað dómi í málinu svo og fjárnámi, gerðu hinn 28. maí 1948 til tryggingar dómkröfunni, og krefst þess, að hann verði sýkn dæmdur af kröfum stefnda, fjárnámið verði fellt úr gildi og stefnda